

## AUGLÝSING

### um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Listasafns Kópavogs – Gerðarsafns.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 21. nóvember 2013 stofnskrá Listasafns Kópavogs – Gerðarsafns.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Reykjavík, 24. júní 2015.*

F.h. safnaráðs,

**Ágústa Kristófersdóttir** framkvæmdastjóri.

### Fylgiskjal.

#### STOFNSKRÁ

#### Listasafns Kópavogs – Gerðarsafns.

##### 1. gr.

Safnið heitir Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn og er í eigu Kópavogsbæjar. Það var stofnað að frumkvæði erfingja Gerðar Helgadóttur myndhöggvara.

##### 2. gr.

Tekjur safnsins eru fjárveitingar úr bæjarsjóði og aðrar tekjur sem safnið hefur af sölu bóka, listaverkakorta, minjagripa, auk styrkja frá opinberum aðilum. Allur arður af starfseminni renni til safnsins sjálfs.

##### 3. gr.

Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn starfar samkvæmt gildandi safnalögum og fylgir siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums).

##### 4. gr.

Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn skal varðveita listaverkæign Kópavogsbæjar. Auk almenna safnsins samanstendur listasafnið af sérsöfnum fjögurra einstaklinga: Gerðar Helgadóttur, Barböru og Magnúsar Á. Árnasonar og Valgerðar Briem. Vörslusamningur er á milli Listasafns Kópavogs-Gerðarsafns og Listaverkasafns Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur um varðveislu á listaverkum sem tilheyra framangreindu listaverkasafni, að undanskildum þeim listaverkum sem staðsett eru í húsakynnum Hótel Holts.

##### 5. gr.

Aðalverkefni Listasafns Kópavogs – Gerðarsafns eru:

1. Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn skal safna íslenskri myndlist eins og kostur er og skrá, varðveita og sýna þau verk sem safnið eignast. Við val verka skal haft að leiðarljósi að þau gefi yfirsýn yfir íslenska myndlist á hverjum tíma.
2. Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn skal rannsaka eftir megni listaverkæign sína og íslenska myndlist almennt.
3. Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn skal veita almenningi og skólaæsku fræðslu um íslenska myndlist með sýningum, útgáfum og annarri kynningarstarfsemi eftir því sem kostur er.
4. Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn skal hafa umsjón og eftirlit með myndverkum í stofnunum í samvinnu við sviðsstjóra stjórnsýslusviðs og á almannaferi utanhúss í eigu bæjarins og staðsetningum þeirra í samráði við sviðstjóra umhverfissviðs.

## 6. gr.

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar fer með stjórn Listasafns Kópavogs – Gerðarsafns. Skal ráðið vinna að viðgangi safnsins í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM), annast stefnumörkun, fjalla um fjárhagsáætlanir og fylgjast með fjárhag og starfsemi þess.

## 7. gr.

Forstöðumaður er ráðinn samkvæmt reglum bæjarstjórnar Kópavogs um ráðningar starfsmanna. Hann annast allan daglegan rekstur safnsins, gerir tillögu að fjárhagsáætlun og leggur hana fyrir lista- og menningarráð. Hann fer með fjármálaleg samskipti fyrir hönd ráðsins, ræður starfslið safnsins og er í forsvari fyrir það. Lista- og menningarráð vinnur að stefnumótun safnsins í náinni samvinnu við forstöðumann. Hann skipuleggur listsýningar safnsins og sér um aðra faglega starfsemi þess. Hann hefur frumkvæði að öðrum viðburðum sem haldnir eru í safninu. Hann hefur umsjón með og ber ábyrgð á listaverkasafni Kópavogsbæjar, bæði almennu safni og sérsöfnum, skráningu þeirra og viðhaldi. Hann er lista- og menningarráði til ráðgjafar varðandi val á nýjum listaverkum og annast innkaup listaverka í samráði við ráðið.

## 8. gr.

Komi til þess að Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn verði lagt niður skal safnkosturinn renna til sambærilegrar stofnunar í samráði við höfuðsafn. Öðrum eignum skal ráðstafað í samráði við ráðuneyti mennta- og menningarmála.